


Grunnmynd




Kjallari - flórar




Snið A - A




Snið B - B

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Yfirfarið
0 8. sep. 2016
Byggingarfulltrúi

Byggingarlýsing

Um er að ræða nýtt fjós fyrir geldneyti - kvígur á legubásum og naut í stíum - ásamt aðstöðurými fyrir fóðurtiltekt. Undir fjósinu er kjallari; "hringdæluflórar". Við suðurenda þessarar byggingar er áformað að byggja nýtt fjós fyrir mjólkurkýr. Sú bygging mun þó ekki rísa fyrr en eftir nokkur ár. Áætlaðar útlínur mjólkurkúafjóssins eru sýndar á teikningunni með brotalínum.

Kjallari nýbyggingar er steinsteyptur, veggi skal holufylla vandlega..

Básar og fóðurgangur í geldneytafjósinu og gólf í fóðuraðstöðu er steinsteypt og pússað á steypudegi. Göngugólf gripa er verksmiðjuframleiddir, gæðavottaðir steinrimlar. Fóðurgang skal mála með epoxy-lakki þegar steypan er orðin fullhörð og þurr. Fyrir málningu skal sýruþvo gólfið.

Fjósveggir verða steinsteyptir, einangraðir að utan með 50 mm steinullarplötum í grind og klæddir með lituðu bárustáli. Að innan verða veggirnir holufylltir og málaðir með sterkri lakkmálningu.

Þak er gert úr límtréssperrum á galv. stálsúlum. Langbönd verða úr límtré. Ofan á langbönd koma samlokueiningar, litað stál - úretaneinangrun - litað stál. Þakeiningarnar skulu vera gæðavottaðar af Mannvirkjastofnun til notkunar í gripahús. Á þakinu verður mænisgluggi - loftræstigluggi - úr tvöföldum polykarbonatplötum. Stærð gluggans skal vera a.m.k. 5% af gólfleti hússins vegna reykræstingar.

Á hliðarveggjum verða loftræstiop með vindbrjótandi neti í eða UBA - gluggi úr tvöföldum polykarbonatplötum.

Allar innréttingar verða úr galv. pípum. Í legubása verða settar mjúkar básamottur. Klæðning léttra innveggja skal vera í fl. 1.

Brunavarnir: Inn- og útgöngudyr gripa skal vera auðvelt og fljótlegt að opna bæði innan- og utanfrá. Koma skal fyrir 25 m brunaslöngu skv. teikningu og 3 stk 6 kg ABC handslökkvitækjum við inngöngudyr samkvæmt leiðbeiningum eldvarnareftirlits Brunavarna Árnessýslu.
Malborið athafnasvæði við bygginguna og vegur að henni skal þola umferð þungra bíla s.s. slökkvibíla og gripaflutningabíla og athafnasvæðið skal vera nægilega stórt.
Æskilegt er að setja sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi (-reyksogskerfi-) í húsið. Þegar síðari áfangi verður byggður verður gerð krafa um slíkan búnað.

| Stærð : | | | |
|---|---|---|---|
| | Kjallari : | 404,2 m2 | 808,4 m3 |
| | Geldneytafjós : | 395,0 m2 | 2223,8 m3 |
| | Fóðuraðstaða : | 225,0 m2 | 1266,8 m3 |

Breytingar: 07.06.2016: Ítarlegri texti um brunavarnir

Verk: **Egilsstaðakot -166330 - Flóahreppi Árn.**

Verkhluti: Geldneytafjós - grunnmynd, kjallari, snið

| Teikn nr: A-01 | Dags: 19.04.2016 | Mælikvarði: 1:100 |
|---|---|---|
| Verknr: | | |

Hannað: Magnús Sigsteinsson 160444-4959
Teiknað: Magnús Sigsteinsson 160444-4959

Tækniþjónusta ehf
kt: 601200-2440
Suðurlandsbraut 10. 2.hæð
Sími: 5533700
Netfang: tso@simnet.is
Farsími 899-7864 - Sæmundur
Farsími 863-3184 - Magnús

tölvuskráningarnumer:

Áritun aðalhönnuðar: Sæmundur Óskarsson 180160-3109

8896